

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 4. janúar 2017  
UST201612-084/B.S.  
08.09.00

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Metanólverksmiðja í Svartsengi. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 5. desember 2016 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.


Um er að ræða stækkun verksmiðju sem starfrækt hefur verið frá árinu 2011. Framleiðsla hefur verið aukin úr 5 tonnum af metanóli á sólarhring í 12 tonn. Hráefni til framleiðslunnar er sem fyrr koldíoxíð sem unnið er úr útblæstri orkuvers HS Orku í Svartsengi.


Verksmiðjan var upphaflega reist á svæði sem raskað var við fyrri framkvæmdir í Svartsengi. Mannvirkjagerð vegna stækkunarinnar er öll innan sama svæðis og viðbót við þau mannvirki sem fyrir voru. Tilraunaframleiðsla nýrrar og stærri verksmiðju hófst 2015 þannig að umhverfisáhrif eru að hluta þegar komin fram.

Fram kemur í frummatsskýrslu að umhverfisáhrif verksmiðjunnar verði jákvæð vegna minni útblástur koldíoxíðs, þrátt fyrir losun lítilræðis af VOC-lofttegundum. Helstu áhrif gætu orðið vegna niðurdælingar frárennslisvatns, en samkvæmt áliti ÍSOR ætti niðurdælingin ekki að hafa áhrif á ferskt grunnvatn ef að dælingunni verði staðið í samræmi við ábendingar ÍSOR.

Að teknu tilliti til ofangreindar atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri